

Aðalsteinn Aðalsteinsson  
Húsatóftum 2  
801 Selfoss



Selfoss, 12. febrúar 2018  
Tilvísun: 2017010050

Tilv. ykkar:

## **Efni: Varðar umsókn um nýjan héraðsveg að bænum Húsatóftir 2.**

Vegagerðinni hefur borist umsókn um nýjan héraðsveg að bænum Húsatóftir 2 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, dags. 6. nóvember 2017. Við afgreiðslu umsókna um héraðsvegi ber að líta til skilgreiningar héraðsvega skv. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 þar sem fram kemur að:

*„Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.“*

Í umsókninni kemur fram að sótt er um á grundvelli þess að skilyrði laganna um býli, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna um fasta búsetu og lögheimili sé uppfyllt og fylgja umsókninni (eða komu síðar) eftirfarandi gögn til stuðnings þessu; samþykkt deiliskipulag, vottorð Þjóðskrár og búsetuvottorð frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Lagt hefur verið mat á umsóknina, sbr. 8. gr. og 20. gr. laga nr. 80/2007, og hefur Vegagerðin ákveðið að fallast á beiðni um nýjan héraðsveg að bænum Húsatóftir 2, í samræmi við fyrirhugaða staðsetningu vegar skv. staðfestu deiliskipulagi, sem fylgdi umsókninni. Rétt er að taka fram að héraðsvegur skal aldrei ná nær býli/atvinnustarfsemi eða öðrum slíkum stöðum en 50 m ef hann endar þar, sbr. c. lið 2. mgr. 8. gr. vegalaga.

Vegagerðin útbjó kostnaðaráætlun fyrir hina fyrirhuguðu framkvæmd á grundvelli sjónmats á staðnum. Áætlaður heildarkostnaður við verkið er 2-3 kr., allt eftir því hvort setja þarf ristarhlið og ræsi eða ekki, Vegagerðin endurgreiðir helming af kostnaði vegna vegarins, sbr. 20. gr. laga nr. 80/2007, og mun uppgjör fara fram skv. framlögðum reikningum fyrir útlögðum kostnaði.

Vegagerðin getur séð alfarið um framkvæmdirnar, en ef svo verður, þá gerir Vegagerðin kröfu um að umsækjandi leggi fram tryggingu frá banka, tryggingarfélagi eða öðru viðurkenndu fjármálafyrirtæki vegna greiðslu helmings áætlaðs kostnaðar við verkið, sbr. 6. mgr. 7. gr. reglugerðar um héraðsvegi nr. 774/2010. Framkvæmdakostnaður getur orðið minni en einnig meiri. Landeigandi verður upplýstur ef heildarkostnaður stefnir í að verða meiri en 3,5 m.kr.

Landeiganda er einnig heimilt að sjá um alfarið um framkvæmdina í góðu samráði við Vegagerðina, og mun þá Vegagerðin einnig vera innan handar um útvegum á ræsaefni, sem og